

## **350. Stjórnarfundur LEB – 7. desember 2021**

kl. 10.00 – 11:00 – Fundurinn var haldinn á ZOOM

### **Mættir:**

**Aðalstjórn:** Helgi Pétursson, Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

**Varastjórn:** Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson, Ingólfur Hrólfsson,

Auk þeirra sátu fundinn: Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB og Steinunn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri LEB

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar frá 18. nóv. borin upp til samþykktar og samþykkt.**
- 2. Heilsuefling aldraðra – Samstarf við ÍSÍ**

Hugtakið heilsuefling er komið inn í stjórnarsáttmálann svo greinilega er áhugi fyrir því að taka á þessum málum. Ráðuneytið veitti styrk á sl. ári sem skiptist á milli LEB og ÍSÍ. Við tókum auðvitað virkan þátt í því og leggjum okkar að mörkum og að beiðni ráðuneytisins munum við eiga samstarf við ÍSÍ í þeim málum. Aðilar munu ráða sitthvorn starfsmanninn sem munu hefja störf í byrjun næsta árs. Þeir munu síðan kortleggja og vinna með hverju sveitarfélagi fyrir sig og félögum eldri borgara varðandi greiningu á aðstoðu á hverjum stað til heilsueflingar til að framfylgja markmiði ríkisstjórnarinnar um heilsueflingu aldraðra. Hugmyndin er að litið verði til frambúðar með þetta verkefni svo nauðsynlegt er að standa faglega að verki.
- 3. Tillaga frá Félagi eldri borgara Rangárvallasýslu**
  - a) Vefsíður fyrir aðildarfélög LEB**

Steinunn Valdimarsdóttir verkefnastjóri fór yfir möguleikana. Stærri félögin hafa komið sér upp vefsíðum, en minni félögin eiga möguleika á að vera með undirvef hjá LEB án þess að það skapi kostnað fyrir LEB eða félögin svo fremi sem þeir vefir verði af einfaldari gerðinni. Starfsmaður LEB myndi aðstoða við uppsetninguna, en gera verður ráð fyrir nokkurri vinnu í upphafi. Félagin eru hvött til að kanna áhugann innan sinna raða og skrá sig á lista, sem unnið verður úr á næsta ári.
- 4. Sveitarstjórnakosningar 14. maí 2022**

Rætt var um nauðsyn þess að félögin hafi samstarf um þau mál sem eru þeim sameiginleg í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Undirbúningsfundur verður boðaður í byrjun næsta árs.
- 5. Stefnuþótunarfundur stjórnar LEB**

Stefnuþótun LEB mun fara fram þriðjudaginn 25. janúar 2022 að Krúnesi, allan daginn. Þessi fundur hefur verið á dagskrá lengi, en vegna ástands á veirumálum í þjóðfélaginu hefur ekki verið hægt að halda hann. Það er von manna að þessi dagsetning geti orðið að veruleika.
- 6. Önnur mál**
  - a) Starfsmannamál á skrifstofu LEB.**

Verkefnastjóri, Steinunn Valdimarsdóttir, hefur verið starfandi á skrifstofunni samkvæmt



LEB

Landssamband eldri borgara

styrk sem fékkst frá Vinnumálastofnun. Sá styrkur rennur út um áramótin. Samþykkt var að ráða Steinunni áfram enda eru mörg verkefni hjá LEB sem nauðsynlegt er að halda áfram með þar sem Steinunn er lykilstarfsmaður til að vinna að.

**b) Kjaramál og fjármálafrumvarpið**

Þorbjörn fór yfir kjaramálin og sagði frá fundi kjaranefnda FEB og LEB. Fjárlagafrumvarpið hefur verið lagt fram og við það þarf að sameinast um athugasemdir. Verið er að vinna að umsögn um fjárlagafrumvarpið, sem verður send til fjárlaganefndar, þar sem er farið fram á að ellilífeyrinn hækki eins og samið var um í kjarasamningum þ.e. um fasta krónutölu 17.250 kr. sem er sama upphæð og almenn laun hækka um. Lögð verður áhersla á að alþingi framfylgi grein nr. 69. Í lögum nr. 100/2007 sem segir að ellilífeyrir eigi að fylgja almennri launaþróun í landinu.

Fleira var ekki á dagskrá.

*Fundi slitið kl. 11:00*

*Ritari fundargerðar: Ingibjörg H. Sverrisdóttir*

*Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum LEB, 22. desember 2021*